

Siglingaráð

46. fundur

Dags.: 4. apríl 2024, kl. 11:00 til 12:45 í Samgöngustofu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Vala Hrönn Viggósdóttir (IRN), Sigrún H. Kristjánsdóttir (SGS), Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Greipur G. Sigurðsson (Vegagerðin, Hafnadeild), Auðunn Kristinsson (LHG), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Örn Pálsson (Landssamband smábátæigenda), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Kristín Helga Markúsdóttir (SGS), Þórdís Sif Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannaamband Íslands).

Gestir: Helgi Jóhannesson (SGS), Gísli Níls Einarsson og Gunnar Rúnar Ólafsson frá Öldu ehf.

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 45. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
- Kynning á Öggu öryggi smáforriti Öldunnar ehf. (send í tölvupósti eftir fundinn).
- Kynning á svörum Samgöngustofu við 5 fyrirspurnun frá SAF (send í tölvupósti eftir fundinn).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Gísla og Gunnar frá Öldu ehf. Liður nr. 4 í útsendri dagskrá var felldur niður.

- Fundargerð 45. fundar samþykkt.**
- Agga öryggi.**

Gísli og Gunnar kynntu tvö smáforrit Öldu ehf. (sjá dagskrárlið nr. 3). Annað er Alda-öryggi fyrir stærri skip sem þegar er í notkun hjá fimm útgerðum með um 500 notendur en hitt er Agga-öryggi fyrir smábáta sem er í þróun. Fyrirtækið fékk styrk úr öryggisáætlun sjófarenda til að gera Öggu-öryggi og er að loknum prófunum stefnt að fyrstu útgáfu smáforritsins þann 1. maí n.k. Markmiðið er m.a. að efla öryggisvitund sjómanna en Agga felur í sér fjórar megin aðgerðir: Fræðslu, áhættumat, eigin skoðun og öryggi. Mögulegt er að tengja forritið við önnur kerfi og skoðuð verður samtenging við Skútuna varðandi búnaðarskoðanirnar. Agga-öryggi verður gjaldfrí fyrir notendur til framtíðar. Kynningin verður send á fundarmenn.

- Uppblásanleg björgunarvesti.**

ÞP sýndi auglýsingu sem SGS lét gera en í henni er hvatt til notkunar á björgunarvestum við vinnu á sjó.

- Lögskráningarkerfi sjómanna - svör SGS við fyrirspurnum SAF.**

HJ fór yfir fimm spurningar frá SAF varðandi lögskráningu sjómanna og svörin við þeim (sjá dagskrárlið nr. 4). Að lokinni umræðu var ljóst að tvö mál þurfi að taka á. 1) Endurskoðun á gjaldskrá fyrir notkun á lögskráningarkerfinu m.t.t. farþegabáta í skoðunarferðum. 2) Lögskráningu sjómanna sem starfa á fleiri en einu skipi á dag t.a.m. á hafnsögubátum og farþegabátum í skoðunarferðum (sjá fundargerðir 44. og 45. funda). SHK/SGS óskaði eftir að fá sendar rökstuddar tillögur varðandi lögskráningarkerfið. Kynningin verður send á fundarmenn.

HJ upplýsti að „Mínar síður“ í Skútunni séu að komast í gagnið og að í haust verið hægt að senda áminningu til skirteinishafa þegar gildistími fer að renna út.

- Reglugerð um lyf og lækningatæki.**

HÁ ítrekaði mikilvægi þessa að taka á vanköntum í reglugerðinni og huga að því að varhugavert sé að hafa mikið af lyfjum í minni skipum því það eykur líkur á innbrotum í þau. Fara þarf yfir kröfurnar m.t.t. þarfa í mismunandi skipum og fjölda í áhöfn þeirra. Aðlagga má kröfurnar að sérstöðu sumra

báta í stað þess að veita tímabundnar undanþágur. VHV/IRN óskaði eftir tillögum og samráði við hagsmunaaðila við endurskoðun á reglugerðinni.

Önnur mál.

- a) **Öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við Ísland.** BA spurði um stöðu mála en á síðasta fundi óskaði Siglingaráð eftir því að IRN taki af skarið í málinu.
- b) **Leiðsögumannaskylda.** PÆP minnti á bókun á 43. fundi þar sem óskað var eftir því að IRN beiti sér fyrir því að leiðsögumannaskylda verði um borð í farþegaskipum á viðkvæmum svæðum. BA benti á að við flutning á ákvæðum úr lögum um Vaktstöð siglinga yfir í Hafnarlögin hafi átt sér stað ruglingur varðandi hugtökin hafnsögumaður og leiðsögumaður.

Næsti fundur er áætlaður 23. maí nk. og verður boðaður í tölvupósti.

IV ritaði fundargerð.